

106

22. júní

10. gr.
Með skipulagsskrá þessari er felld úr gildi skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð Margrétar Th. Bjarnadóttur Rasmus, nr. 128 7. september 1944.

11. gr.

Leita skal staðfestingar forseta á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, í maí 1960.

Í stjórn kvennaklúbbsins Zonta í Reykjavík.

Auður Auðuns,
form.

Hólmfr. Ó. Baldvinsson,
gjaldkeri.

Kristín Guðmundsdóttir,
ritari.

107

22. apríl

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt ályktun bæjarstjórnar Reykjavíkur hefur verið ákveðinn aðalbrautar-
réttur á eftirtöldum götum og gatnamótum:

1. Sundlaugavegi.
2. Brúnavegi.
3. Grensásvegi. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Suðurlandsbraut, Miklubraut og Bústaðavegi.
4. Lönguhlíð. Þó ber umferð um Lönguhlíð að víkja fyrir umferð um Miklubraut og Eskitorg.
5. Nóatún. Þó ber umferð um Nóatún að víkja fyrir umferð um Laugaveg og Borgartún.
6. Suðurgötu. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Melatorgi og Túngötu.
7. Hofsvallagötu. Aðalbrautarrétturinn gildir þó ekki gagnvart Ægissíðu, Hringbraut og Túngötu.
8. Vegamótum Bústaðavegar, Klifveg, Háaleitisveg og Mjóumýrarveg, þannig að umferð frá framangreindum þvergötum Bústaðavegar hafi biðskyldu gagnvart umferð um hann.
9. Vegamótum Tjarnargötu og Skothúsveg, þannig að umferð um Tjarnargötu hafi biðskyldu gagnvart umferð um Skothúsveg.
10. Vegamótum Laugarnesveg og Sigtúns, þannig að Sigtún hafi biðskyldu gagnvart Laugarnesvegi.

Athygli skal vakin á því, að vegir, sem að aðalbrautum liggja, eru við vegamótin merktir biðskyldu- eða stöðvunarmerkjum.

Þetta tilkynnist öllum, sem hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 22. apríl 1960.

Sigurjón Sigurðsson.